

Úttekt á starfsemi  
Framhaldsskólans í  
Austur-Skaftafellssýslu  
október 2010 til janúar 2011

Skýrsla unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið



Hitt og Þetta ehf.

Jón Bergsson

Guðrún Helga Sederholm

Kópavogur, 27. Janúar 2011

Skýrsla unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið

 Hitt og Þetta ehf

Ráðgjafabjónusta

Víðigrund 61, 200 Kópavogur

Sími 5544873 – 8645622

Kt. 560896 – 2989

[www.hittog.com](http://www.hittog.com)

## Efnisyfirlit

<b>HEILDARMAT</b> .....	<b>3</b>
<b>INNGANGUR</b> .....	<b>5</b>
<b>MARKMIÐ ÚTTEKTAR</b> .....	5
<b>FRAMKVÆMD</b> .....	5
<b>SKÓLINN</b> .....	<b>7</b>
<b>STUTT LÝSING Á FRAMHALDSSKÓLANUM Í AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU</b> .....	7
<b>SKÓLASTEFNA OG ÁHERSLUR SKÓLANS</b> .....	8
<b>STJÓRNUN OG SKIPULAG</b> .....	10
<b>YTRI TENGL</b> .....	13
<b>TILLÖGUR</b> .....	14
<b>SKÓLANÁMSKRÁ</b> .....	<b>15</b>
<b>ALMENNUR HLUTI OG NÁMSBRAUTALÝSINGAR</b> .....	15
<b>INNTÖKUSKILYRÐI</b> .....	17
<b>SKIPULAG SKÓLASTARFSINS</b> .....	17
<b>TILLÖGUR</b> .....	19
<b>KENNSLA, NÁMSKRÖFUR OG NÁMSMAT</b> .....	<b>20</b>
<b>KENNSLA</b> .....	20
<b>NÁMSKRÖFUR OG NÁMSMAT</b> .....	21
<b>TILLÖGUR</b> .....	22
<b>FÉLAGSLEGT UMHVERFI</b> .....	<b>23</b>
<b>SKÓLABRAGUR</b> .....	23
<b>NÁMSRÁÐGJÖF OG STUÐNINGUR VIÐ NEMENDUR</b> .....	24
<b>EINELTI Í SKÓLANUM</b> .....	24
<b>NEMENDARÁÐ</b> .....	25
<b>FORVARNARSTARF</b> .....	25
<b>TILLÖGUR</b> .....	25
<b>STOÐÞJÓNUSTA</b> .....	<b>27</b>
<b>NÁMSRÁÐGJÖF</b> .....	27
<b>MÓTTAKA NEMENDA MEÐ ANNAN TUNGUMÁL EN ÍSLENSKU</b> .....	28
<b>TILLÖGUR</b> .....	28
<b>MAT Á SKÓLASTARFI</b> .....	<b>29</b>
<b>INNRA MAT OG UMBÓTASTARF</b> .....	29
<b>YTRA MAT</b> .....	31
<b>TILLÖGUR</b> .....	32
<b>NIÐURSTÖÐUR HÖFUNDA</b> .....	<b>33</b>
<b>STYRKLEIKAR OG VEIKLEIKAR</b> .....	33
<b><i>Styrkleikar</i></b> .....	33
<b><i>Veikleikar</i></b> .....	33
<b>TILLÖGUR AÐ AÐGERÐUM TIL ÚRBÓTA</b> .....	34
<b>HEIMILDIR</b> .....	<b>35</b>

## Heildarmat

Framhaldsskóli Austur – Skaftafellssýslu er staðsettur á Höfn í Hornafirði, í Nýheimum sem er þekkingarsetur. Stefna FAS og áherslur í skólastarfinu falla vel að þessari staðsetningu og sambylinu við fjölskrúðugt mannlíf í Nýheimum.

Skólinn er lítill á mælikvarða framhaldsskóla í landinu. Hann virðist njóta faglegrar og styrkrar stjórnar skólameistara og áfangastjóra sem nýta sér kennarafundi til að tryggja stefnu skólans og umræðu um þau mál sem varða velsæld nemenda og starfsmanna. Allir viðmælendur telja að jafnrétti sé í heiðri haft í samskiptum nemenda og starfsfólks og nemendur taka fram að þeir eigi greiðan aðgang að stjórnendum og kennurum skólans. Persónulegt samband einstaklinganna er til staðar og er oftast styrkur en getur snúist upp í veikleika þegar þarf að taka á ágreiningsmálum, nándin er mikil og stundum hindrandi.

Samskipti virðast jákvæð og byggjast á lýðræðislegum gildum í raun að mati allra viðmælenda. Samskipti eru við alla sem staðsettir eru í Nýheimum en þar er margs konar starfsemi og í verkefnavinnu nemenda FAS hefur það komið sér vel auk þess sem nemendur deila matartímum með fleirum en samnemendum. Nokkurt brottfall er í nemendahópnum, þrátt fyrir gott utanumhald af hálfu skólans, og virðist sveiflukennt milli ára sem vert væri að skoða með tilliti til sjálfsmats.

Jákvæðni virðist vera í fyrirrúmi þegar kemur að menntun og endurmenntun kennara. Merihluti kennara er með kennsluréttindi en nokkrir eru án réttinda eða í réttindanámi. Raungreinakennsla virðist snöggi bletturinn á FAS og erfitt virðist að laða til skólans kennara í þeim greinum að sögn kennara og nemenda. Skólinn leitar eftir hugmyndum nemenda um skólastarfið sem telja verður lýðræðislegt. Skólabragur er góður að mati allra viðmælenda og virðist vera í anda skólastefnunnar: „Nám er vinna og skólinn vinnur fyrir þig“.

Skólinn er nokkuð einangraður, landfræðilega, en ræður bót á því með öflugum samskiptum við aðra skóla héraendis og erlendis. Mikið og öflugt erlent samstarf er í gangi. Telja má þetta til styrkleika skólans að rjúfa þannig faglega einangrun og öðrum skólum til eftirbreytni sem eru í svipaðri stöðu.

Skipulag skólastarfsins er sveigjanlegt og einstaklingsmiðað. Gott samræmi virðist vera á milli námsmarkmiða, kennsluhátta og námsmats. Glöggva þarf vinnulag í námsráðgjöf skólans þannig að boðleiðir séu greiðar og úrræði ljós. Skýr metanleg markmið þurfa að koma fram í endurgerð skólastefnunnar eins og hún kemur fram í nýrri skólanámskrá.

## Hitt og Þetta ehf.

Varðandi sjálfsmat skólans þarf að huga að viðmiðum ráðuneytisins og leggja áherslu á mikilvægi þess þegar breytingar standa yfir. Einnig er mikilvægt að nýta þær upplýsingar sem þegar liggja fyrir í skólanum þegar sjálfsmatið er annars vegar. Skýra þarf á óyggjandi hátt hver sé ábyrgur fyrir matinu.

FAS er að okkar mati vel rekinn skóli sem hefur tekist að rjúfa einangrun sína með öflugu samstarfi við umheiminn og nýta sér möguleika til að auka fjölbreytni í námsframboði með nábylinu við Jökulinn og náttúruna í ríki hans. Skólinn skipar veigamikinn sess í samfélaginu.

## Inngangur

### Markmið úttektar

Mennta- og menningarmálaráðuneytið (MMR) sendi Hitt og Þetta ehf ([www.hittog.com](http://www.hittog.com)) „Erindisbréf vegna úttektar á Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu“, þann 20. október 2010 (MMR10090451/6.14.3-) (1). Þar segir:

„Markmið með úttektinni er að leggja mat á starfsemi Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá og veita almennt upplýsingar um starfsemi skólans. Í úttektinni skal m.a. lögð áhersla á eftirfarandi: Stjórnun, kennslu, námsmat, námskröfur, nýtingu tíma, starfsanda, viðhorf nemenda, starfsfólks og nærsamfélags til skólastarfsins, svo og menntun kennara. Jafnframt skal lagt mat á hvernig innra mat skólans nýtist skólanum, sérstaklega með tilliti til umbótastarfs.“

Úttektin skal unnin á tímabilinu október 2010 til janúar 2011, og byggja á fyrirliggjandi gögnum og viðtölum við skólameistara og aðra stjórnendur og fulltrúa kennara, annars starfsfólks, nemenda, foreldra og skólanefndar. Úttektarskýrslu skal skilað til MMR fyrir 29. janúar 2011, og í henni skal gerð grein fyrir helstu styrkleikum og veikleikum skólastarfsins og setja fram rökstuddar og raunhæfar tillögur að aðgerðum til úrbóta. Áður en úttektarskýrslu er skilað skal gefa skólameistara og formanni skólanefndar tækifæri til að gera efnislegar athugasemdir við lokadrög skýrslunnar, en úttektaraðilar meta hvort tillit er tekið til athugasemda við lokagerð skýrslunnar.

### Framkvæmd

Í úttektinni var farið eftir skilgreiningu á umfangi, markmiðum, viðföngum, tímasetningu, og skilakröfum eins og sett er fram í erindisbréfi ráðuneytisins og fylgiskjali. Byggt var á skipulögðum viðtölum og rýni gagna. Allar niðurstöður í úttektinni eru því byggðar á staðfestum og rekjanlegum gögnum og orðrétt skráðum viðtölum við viðmælendur.

Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu var heimsóttur í nóvember og viðtölin fóru þar fram sem einstaklingsviðtöl í einrúmi og þátttakendur gáfu góðfúslega leyfi til upptöku viðtalanna. Viðtölin voru rituð um leið og þau fóru fram en upptökur notaðar við lokafrágang



## Hitt og þetta ehf.

til að tryggja réttmæti. Tveir úttektaraðilar voru í viðtölunum, spyrill og ritari. Sami viðtalsvísir var notaður í öllum viðtölunum til að tryggja samræmi í spurningum sem lagðar voru fyrir viðmælendur, en í þremur útgáfum: Fyrir stjórnendur og kennara, fyrir nemendur og foreldra, og fyrir starfsfólk. Einstaklingar innan sama hóps fengu jafnlangan tíma í viðtali til að tryggja jafnræði.

Eigindleg aðferð (Qualitative research) var notuð til að greina áherslupætti í viðtölunum og dregin var fram orðrétt frásögn í texta innan gæsalappa í skýrslunni til að auka trúverðuleika.

Tekin voru viðtöl við skólameistara, áfangastjóra, formann skólanefndar og fulltrúa starfsmanna, kennara, nemenda og foreldra nemanda yngri en 18 ára. Alls voru tekin tíu viðtöl.

Allir þátttakendur tóku úttektaraðilum vel og viljum við koma á framfæri þakklæti okkar fyrir samvinnuna.

Úttektarskýrslunni er skipt í nokkra meginkafla: Skólinn, skólanámskrá, kennsla/námsmat/námsárangur, félagslegt umhverfi, stoðþjónusta og mat á skólastarfi. Í lok hvers undirkafla er mat okkar og í lok hvers meginkafla eru tillögur. Þannig er reynt að lýsa, greina og meta alla þætti skólastarfsins eins og kostur er. Aftast í skýrslunni eru niðurstöður höfunda flokkaðar í styrkleika og veikleika og tillögur að aðgerðum til úrbóta og heimildaskrá. Fremst í skýrslunni er heildarmat úttektaraðila dregið saman.

## Skólinn

### Stutt lýsing á Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu

Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu var stofnaður árið 1987 af ríkinu og sveitarfélögum í Austur-Skaftafellssýslu. Skólinn fékk inni í húsi Nesjaskóla í Nesjahreppi og þar var hann fyrstu 15 árin en fluttist í Nýheima á Höfn í Hornafirði haustið 2002. Nýheimar, þekkingarsetur, er ný og glæsileg bygging á Höfn sem hýsir auk FAS m.a. nýsköpunarmiðstöð, háskólasetur og bókasafn (11). Úttektaraðilum virðist staðsetning FAS í Nýmeimum henta einstaklega vel fyrir stefnu og áherslur skólans.

Á fyrsta starfsári skólans skráðu sig 52 nemendur til náms á fyrsta og öðru námsári, öldungadeild tók í fyrsta sinn til starfa á haustönn 1990 og var áhugi fullorðinna á námi strax mikill. Vorið 1997 eru stúdentar í fyrsta skipti útskrifaðir frá FAS, fjarfundabúnaður til kennslu var settur upp veturinn 1998 - 1999. Greinargott yfirlit er yfir sögu skólans í „Annáll FAS“ á heimasíðu (5).

FAS er nú um 200 nemenda bóknáms- og starfsnámsskóli með þrjár stúdentsbrautir, almenna braut, sérkennslu, skipstjórnarnám og vélstjórnarnám. Auk þess býður skólinn upp á fjölbreytilegt tilfallandi starfsnám í samvinnu við aðra framhaldsskóla á Austurlandi, svo sem skrifstofubraut og sjúkraliðanám (14).

Samkvæmt upplýsingum frá skólameistara í nóvember 2010 eru í skólanum samtals 235 nemendur - 100 konur og 135 karlar - sem skiptast þannig eftir brautum:

- Félagsfræðibraut 56
- Náttúrufræðibraut 40
- Málabraut 8
- Skipstjórnarnám 13
- Vélstjórnarnám 29
- Almenn nám 45
- Annað nám 10
- Ótilgreint nám 34 (3)

Hlutfallslega er dreifingin þannig að á stúdentsbrautum eru 44% nemenda, á skipstjórnar- og vélstjórnarbrautum 18% og í almennu námi og öðru eru 38% nemenda skólans.



## Hitt og þetta ehf.

Aldursdreifing nemenda er mjög breið, enda boðið uppá fjölbreytt fjarnám auk staðarnáms. Samkvæmt upplýsingum frá skólameistara eru staðarnemendur um 170 (72%) og er aldurskipting: 60-70 undir 18 ára, 60-70 frá 18 til 25 ára og 40-50 frá 25 til 60 ára. Meðalaldur um 19 ár. Fjarnemendur eru um 70 (28%), nær allir eldri en 18 ára og margir yfir 40 ára. Meðalaldur gæti verið 25 til 30 ár, en yngsti nemandi er 15 ára og elsti 60 ára (12).

Staðarnemendur eru nær allir úr sveitarfélaginu en fjarnemendur utan þess. Nær allir sem koma beint úr 10. bekk í FAS koma frá Grunnskóla Hornafjarðar, aðeins 1-3 úr öðrum skólum á ári hverju. Um 80-90% nemenda í Grunnskóla Hornafjarðar fara í FAS (12).

Við skólann hafa verið 1-2 nemendur á ári með annað móðurmál en íslensku síðustu fimm árin, fyrir utan skiptinema. Nemendur sem þurfa sérkennslu eru núna fjórir, en voru 0-3 fjögur árin á undan (9).

Í sjálfsmatsskýrslu FAS skólaárið 2009-2010 eru ágæt myndrit sem sýna nemendaígildi við FAS eftir önnum síðustu fimm árin, brottfall og námsárangur (10, mynd 1-3). Þar má sjá að töluverðar sveiflur hafa verið í fjölda nemendaígilda við skólann undanfarin ár, en þróunin er heldur uppávið. Brottfall sveiflast líka mikið, eða frá 11-27% síðustu fimm árin. Tölur fyrir haustönn 2010 eru ekki enn rýndar (9).

Samkvæmt upplýsingum skólameistara hafa 132 nemendur útskrifast úr FAS frá vori 2005 til vors 2010, þar af 77 með stúdentspróf. Flestir stúdentar útskrifast af félagsfræðibraut eða 39, 4 af málabraut og 31 af náttúrufræðibraut. Af starfsnámsbrautum hafa á þessu tímabili útskrifast 27 af vélstjórnarbrautum, 13 af skrifstofubrautum og 15 af öðrum brautum (15).

**Mat okkar** er að skólinn sé vel staðsettur í Nýheimum og vel fari um nemendur og starfsfólk.

Skólinn virðist þjóna breiðum hópi nemenda í nærsamfélaginu og í fjarnámi.

Brottfall er sveiflukennt og ástæða virðist til að rýna betur í hugsanlegar ástæður brottfalls.

### Skólastefna og áherslur skólans

Á vefsíðu skólans er hlutverki hans lýst þannig: „Hlutverk skólans er fyrst og fremst að bjóða upp á almennt bóknám en auk þess er lögð áhersla á starfsnám í samræmi við eftirspurn hverju sinni, fullorðinsfræðslu og símenntun.

Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu er um 200 nemenda skóli. Í skólanum er lögð áhersla á að þjóna þörfum nemenda á persónulegan hátt með sveigjanlegu námsframboði. Fjarnám og tölvutengt nám er mikilvægur hluti náms við skólann og fer sífellt vaxandi.

Skólinn er í samstarfi við aðra framhaldsskóla á Austurlandi samkvæmt sérstökum samstarfssamningi. Markmið samningsins er fyrst og fremst að tryggja aðgengi nemenda að eins fjölbreyttu námsframboði og kostur er og tryggja þeim sem bestan undirbúning undir frekara nám eða störf.

„Framhaldsskólinn í Austur-Saftafellssýslu er aðili að Þekkingarneti Austurlands sem hefur það markmið að bæta aðgengi íbúa fjórðungsins að háskólanámi og símenntun“ (2) .

„Skólanámskrá er í senn stefnuskrá skólans og starfsáætlun“, segir í inngangi að skólanámskrá FAS á heimasíðu (16). Hún er í þremur köflum: Hlutverk og markmið, Skipulag og starfsemi og Brautir. Þessir kaflar breytast lítið önn frá önn. Fjórði kaflinn lýsir námsframboð á yfirstandandi önn. Á vefsíðu sem lýsir námsframboði á vorönn 2011 er einnig hægt að sjá hvaða áfanga áætlað er að bjóða uppá næstu fjögur árin (17).

Skólastefnan er mótuð af kennurum á kennarafundum: „Nemendur koma minna að þessu...kennarar eru fagfólkið á þessu sviði og hafa mest vit á málinu“. Tillögur af kennarafundi voru lagðar fyrir nemendur í fyrra og nemendur tóku því vel og komu fram með gagnlegar ábendingar. Skólmeistari segir stefnuna ganga út á tvennt: „Nám er vinna og skólinn vinnur fyrir þig“. Skólastarfið er skipulagt út frá vinnu nemenda. Kennari nefndi að stefnan hefði m.a. birst í vísindadögum sem tengdust grenndarsamfélaginu eins og náttúrunni. Áhersla er lögð á umhverfislæsi og náttúrulæsi með ýmiss konar verkefnum sem tengjast þessu hvoru tveggja. Hinir fimm grunnþættir ráðuneytisins virðast hafðir að leiðarljósi í umræðu um stefnuna að mati flestra viðmælenda og á þann hátt að þeir tengdust nærsamfélaginu sem mest: „Við reynum eftir fremsta megni að ná til þessara þátta. Skapandi starf mundi ég segja“. „Já algerlega. Það er læsi t.d. í íslensku og svo er það menningarlæsið“.

Hlutverki skólans er ágætlega lýst á vefsíðunni en stefnan er svona hér og þar, og verður að lesa út úr skólanámskrá. Skólastefnan er nú í endurskoðun vegna nýrra laga um framhaldsskóla og nýrrar menntastefnu ráðuneytisins (aðalnámskrá). Töluverð umræða og vinna hefur farið fram hjá kennurum og stjórnendum til þessa, og í mars 2010 var haldinn fundur með nemendum um nýja námskrá, ný lög, átta grunnfærniþætti og fimm grunnþætti skólastarfs. Fundurinn virðist hafa verið vel skipulagður og gagnlegur (10, bls.4).

## Hitt og Þetta ehf.

Endurskoðuð skólastefna mun væntanlega verða til á þessu ári, og þá sett þannig fram „að meta megi hversu vel skólanum tekst að framfylgja henni“, eins og segir í skólasamningi mennta- og menningarmálaráðuneytisins við FAS 2010-2012 (14).

Skólasamningurinn er gerður samkvæmt ákvæðum 44. gr. framhaldsskólalaga (20) og kveður á um helstu áherslur í starfsemi FAS, t.d. að námið verði skipulagt út frá 8 grunnfærniþáttum náms og þriggja þrepa skiptingu og að ljúka skólanámskrá. Sá fyrirvari er settur að „ráðuneyti leggur áherslu á að efnahagsaðstæður við undirritun samningsins setja skólanum þröngar skorður þar sem niðurskurður ríkisútgjalda er fyrirsjáanlegur. Því gætu sum þeirra markmiða, sem hér eru sett, þarfnast endurskoðunar í ljósi aðstæðna“ (14). Framhaldsskólar hafa frest til 1. ágúst 2015 til að setja sér námsbrautalýsingar samkvæmt 23. gr. framhaldsskólalaganna (24).

**Mat okkar** er að skólinn leggi áherslu á nám til stúdentsprófs á bóknámsbrautum, nám á almennri braut, og starfsnám í samræmi við eftirspurn hverju sinni.

Þetta ásamt fullorðinsfræðslu, símenntun og fjarnámi virðist ágætlega sniðið að þörfum samfélagsins.

Endurskoðuð skólastefna þarf að setja skýr metanleg markmið.

### Stjórnun og skipulag

Skipuriti FAS, starfslýsingum og stjórnskipan er ágætlega lýst á vefsíðu skólans (18). Í starfslýsingum kemur fram að áfangastjóri er staðgengill skólameistara, en ekki kemur þar fram hver ber ábyrgð á sjálfsmati. Þessar starfslýsingar eru skilgreindar: skólameistari, áfangastjóri, félagi (fulltrúi skólans varðandi félagslíf nemenda), fjármálastjóri, námsstjóri, kerfisstjóri, námsráðgjafi, kennari og nemandi.

Svo virðist sem upplýsingar um starfsemi ráða og nefnda hafi ekki verið uppfærðar til samræmis við gildandi lög um framhaldsskóla (20) og reglugerðir um skólanefndir (21) og skólaráð (22). Engar fundargerðir eru finnanlegar á vef skólans og niðurstöður kennarafunda og skólafundar eru ekki kynntar skólanefnd eins og tilskilið er. Þetta var staðfest af skólameistara (19). Hann upplýsti jafnframt að sex skólaráðsfundir hafi verið haldnir 2009 - 2010 og einn á haustönn 2010, og þrjár skólanefndarfundir 2009 – 2010 en enginn á haustönn 2010 (35).

## Hitt og Þetta ehf.

Skólanefndin kemur ekki að málum nema sem samráðsaðili en ábyrgðin á ákvörðunum er á herðum skólameistara. Fæstum er kunnugt um aðkomu skólanefndar að málefnum skólans: „Þessi nefnd hefur mjög lítil áhrif á skólastarfið“.

Skólanefnd skal staðfesta skólanámskrá að fenginni umsögn almenns skólafundar, og fylgjast með framkvæmd hennar, samkvæmt 5. gr. Laga um framhaldsskóla nr. 92 frá 2008 (20).

Foreldraráð var stofnað á vorönn 2009 eins og mælt er fyrir í lögum (20, 50. gr.), en hefur lítið starfað síðan að sögn skólameistara (36). Þess er hvergi getið á vefsíðu skólans.

Skólameistari ber faglega ábyrgð á starfi skólans að mati allra viðmælenda en hefur samráð við kennara varðandi ýmis mál og stýrir kennarafundi sem fundar reglulega. Hann segir: „Notum mikið kennarafundi til að fara yfir faglega umræðu að minnsta kosti tvisvar í mánuði...vil heldur gefa frí frá kennslu. Þetta er límið í skólanum – kennarafundir“. Fundargerðir kennarafunda eru skráðar í bók sem skólameistari varðveitir.

Í sjálfsmatsskýrslu 2009-2010 kemur fram að alls voru haldnir 16 kennarafundir á því skólaári. Uppgjörfundur var haldinn í maí 2010 í lok skólaárs þar sem aðallega var rætt um umsjónarkerfið og stöðu nemenda, og nemendamatsfundur var í mars 2010 um nýja námskrá. Fyrsti skólafundurinn var haldinn, annar fundur allra starfsmanna í Nýheimum og samráðsfundur með Grunnskóla Hornafjarðar (10). Í sjálfsmatsskýrslu er gerð grein fyrir skipulagi og niðurstöðum nemendamatsfundar, en aðrar fundargerðir eru ekki aðgengilegar.

Miðannarviðtöl hafa tíðkast undanfarin ár og ríkir almenn ánægja með það fyrirkomulag. Þá er rætt við alla nemendur í staðbundnu námi, og farið yfir niðurstöður á kennarafundum eftir viðtölin á haustönn og vorönn (10).

Kennarar skila uppgjörsskýrslum fyrir kennslu og önnur verkefni fyrir lok vorannar og haustannar. Þeir hittast á faggreinafundum til að fara yfir skýrslurnar og niðurstöður eru ræddar á uppgjörsfundi í lok vetrar (10).

Aðgengi að upplýsingum sem tengjast ákvörðunum stjórnenda og kennara virðist matsatriði. Skólameistari geymir fundargerðarbók kennarafundar á sinni skrifstofu sem að mati sumra er ekki nógu aðgengilegt: „Ekkert sérstaklega aðgengilegar. Kennarafundir eru okkar aðalvettvangur...fundargerðir í bók...sem er ekki aðgengileg. Veit ekki hvar hún er núna. Fundargerðir ekki birtar annars staðar“. „Skólameistari segir okkur frá ....á kennarafundum.



Efast um að séu aðgengilegar nemendum. Mín tilfinning að svo sé ekki“. Allir sammála um að mikið sé af upplýsingum um annað á vefnum og aðgengilegt þar.

Vel virðist haldið utanum nemendur í FAS, og virðast þeir einnig smám saman koma meira inn í umfjöllun um námskrá skólans. Kennarafundir eru greinilega „límið í skólanum“ eins og skólameistari segir. Miðlun upplýsinga af fundum virðist hins vegar ábótavant miðað við það sem lög og reglugerðir kveða á um. Auðvelt ætti að vera að setja fundargerðir á vef skólans, sem ekki innihalda trúnaðarmál um nemendur eða aðra. Enda gilda um það aðrar reglur.

Frá haustönn 2005 hafa verið teknar saman nokkrar kennitölur úr uppgjörsskýrslum: nemendaígildistölur, brottfall og einkunnir. Kennitala mætinga var líka reiknuð, en vegna ágalla sem sköpuðust að því er virðist af fjölda fjarnemenda er hún nú í endurskoðun (10). Kennitölur eru lykilateymi við stjórn skóla og í sjálfsmati, því með þeim er hægt að skilgreina viðmið og fylgjast með árangri. FAS hefur skilgreint nokkrar mikilvægar kennitölur, en líklega er hægt að skilgreina margar fleiri.

Kennarar við skólann eru 19:

- Réttindakennarar í fullu starfi 10
- Réttindakennarar í hlutastarfi 2
- Án réttinda í fullu starfi 3
- Án réttinda í hlutastarfi 4

Starfsmenn eru alls 24, 12 konur og 12 karlar (4).

Viðhorf stjórnenda til menntunar og endurmenntunar kennara virðast mjög jákvæð og skólinn styður við bakið á þeim sem eru í réttindanámi og veitir hinum tækifæri til að sækja námskeið. Skólameistari segir: „Mikilvægt að hafa þennan faglega grunn til að geta tekið þátt í starfinu hérna. Ekki allir fullmenntaðir. Sumir án kennsluréttinda þegar þeir koma hér inn en klára hér. Hef ekki tölur á hraðbergi“.

Áhættumat fyrir starfsemi FAS var gert í febrúar 2009 af skólameistara og öryggistrúnaðarmanni, og er aðgengilegt á vefsíðu (37). Stuðst var við reglugerð 920/2006 (38), en benda má á að Vinnueftirlitið hefur gert vinnuumhverfisvísa fyrir skóla sem taka á öllum þáttum í skólaumhverfinu, þ.m.t. félagslegum, áhættugreina og meta (39).

Viðbragðsáætlun almannavarna fyrir FAS frá september 2009 er einnig á vefsíðu.

## Hitt og þetta ehf.

**Mat okkar** er að stjórnun og skipulag FAS sé faglegt og í góðum höndum þó huga þurfi betur að kröfum laga og reglugerða.

Miðlun upplýsinga af fundum þarf að bæta.

Vel er fylgst með árangri nemenda og brugðist við þegar þörf er á.

Enn eru ekki allir kennarar með full réttindi, en skólinn virðist styðja vel við menntunarþörf kennara.

## Ytri tengsl

Flestir viðmælendur telja að viðhorf foreldra til skólans sé jákvætt og eitt foreldri sagði: „Forsendan fyrir því að margir geti búið hérna...algerlega“. Kennari segir: „Soldið misjafnt...stundum erfitt að fá kennara, réttindakennara hingað og halda úti greinum...í sumum greinum t.d. eðlisfræði“.

Viðhorf atvinnulífsins virðist jákvætt í garð skólans og samstarf er við Skinney-Þinganes um vinnustaðanám. Foreldri segir: „Held að það séu víðtæk tengsl inn í atvinnulífið...og þjóðgarðinn“. Nemendur eru á sama máli.

Hvað viðvíkur viðtökuskólum er lítið vitað um viðhorf þeirra til FAS en tilfinning er fyrir því að þeir sem ljúka stúdentsprófi fari margir í framhaldsnám. Kannanir hafa þó verið lagðar fyrir útskrifaða nemendur með 4 -5 ára millibili og spurst fyrir um hvar viðkomandi sé staddur. Nemandi segir: „Ég á vinkonu sem er að fara í læknisfræði. Verður að taka aukatíma í efnafræði heima og taka allt upp aftur því þetta var svo lélegt hér...kennarinn hættur ...betra núna. Ég er í félagsfræði sem er mjög gott hérna“.

Í sjálfsmatsskýrslu 2009-2010 er minnst á viðhorfsskönnun sem gerð var í Háskóla Íslands meðal grunnnema þess skóla. Þar kemur fram að almennt eru nemendur á því að undirbúningur hafi verið góður. Þeir hafi fengið góða þjálfun í sjálfstæðum vinnubrögðum og eru nokkuð ánægðir með færni við að skrifa ritgerðir og skýrslur og tileinka sér efni á ensku. „Í heildina kemur FAS þokkalega út úr þessari könnun en allan vara þarf að hafa á með áreiðanleika vegna þess hve fáir nemendur eru á bak við niðurstöðurnar“ (10).

Á vefsíðu skólans kemur fram að „Í Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu er lögð mikil áhersla á samskipti við aðila utan skólans, bæði innanlands og erlendis“. Þar er listi sem er uppfærður í maí 2009 og telur upp þrettán samstarfsverkefni innlend og erlend (23).



## Hitt og Þetta ehf.

FAS er í nánú samstarfi við Menntaskólann á Egilsstöðum og Verkmenntaskóla Austurlands á Neskaupstað um samkennda áfanga og sameiginlegar starfsnámsbrautir og er stofnaðili að Þekkingarneti Austurlands. Þá er samstarf við Grunnskóla Hornafjarðar sem gefur grunnskólanemendum tækifæri til að flýta fyrir sér í námi og Tækniskólann um nám í vélstjórn og skipsstjórn. FAS á í nánú samstarfi við Sveitarfélagið Hornafjörður um félagslíf ungmenna 16-25 ára og við Menningarmiðstöð Hornafjarðar (23).

Þátttaka skólans í erlendu samstarfi virðist mikil. Skólameistari segir: „Erum með verkefni a.m.k. á tveggja ára fresti. Comenius og slíkt samstarf við skóla í Póllandi, Finnlandi og fleiri. Tengja saman menningu Póllands og Íslands. Nefnd var þátttaka skólans í jarðhitaverkefni í samstarfi við Ungverjaland svo dæmi sé tekið.

**Mat okkar** er að ytri tengsl FAS séu einstaklega mikil bæði innanlands og við útlönd og styrki skólastarfið því skólinn er bæði fremur fámennur og afskekktur.

### Tillögur

- Betur sé rýnt í ástæður og sveiflur brottfalls.
- Í endurskoðaðri skólastefnu komi fram skýr metanleg markmið.
- Grein sé gerð fyrir því hver beri ábyrgð á sjálfsmati skólans og endurgjöf.
- Upplýsingamiðlun af fundum sé bætt.
- Skólinn styðji áfram við bakið á þeim kennurum sem vilja afla sér kennsluréttinda og reyni að fá til liðs við sig vel menntaða raungreinakennara.
- Skólinn komi á framfæri hvernig hin miklu ytri tengsl nýtast honum í sambandi við skólaþróun í fámennum skóla, öðrum til eftirbreytni.

## Skólanámskrá

### Almennur hluti og námsbrautalýsingar

„Skólanámskrá er í senn stefnuskrá skólans og starfsáætlun“, segir í inngangi að skólanámskrá FAS á heimasíðu. „Skólanámskráin er í fjórum köflum og þar af eru þrír sem breytast lítið frá önn til annar en sá kafli sem fjallar um skipulag og starf á yfirstandi önn breytist hins vegar ört eðli málsins samkvæmt“ (16).

Skólanámsskrá er á vef skólans en verið er að vinna nýja samkvæmt nýjum lögum með ákveðnu þróunarverkefni og þar verða hinir fimm grunnþættir ráðuneytisins innlimaðir. Kennarar eru spenntir fyrir námskrávinnunni og nýjum áherslum sem verða í henni. Nokkuð mikil vinna er samt eftir að mati nokkurra kennara.

Fram kemur að hinir fimm grunnþættir sem ráðuneytið leggur áherslu á, læsi, lýðræði, jafnrétti, skapandi starf og sjálfbærni menntunar séu skilgreindir inn í innra starf skólans með ýmsum hætti. Læsisverkefni hafa nemendur gert í tengslum við Grunnskóla Hornafjarðar einnig er lögð áhersla á annars konar læsi svo sem menningarlæsi, umhverfislæsi og náttúrulæsi sem sjá má í verkefnum nemenda og námskeiðum sem þeir vinna í Ríki Vatnajökuls, mælingum og athugunum af ýmsu tagi svo dæmi séu tekin. Lýðræði birtist í því að leitað er eftir álitni nemenda á markvissan hátt á málefnum skólans, samskipti eru lýðræðisleg að mati allra viðmælenda og jafnréttisáætlun er til staðar auk þess að jafnrétti virðist í heiðri haft í skólastarfinu og samskiptum í skólanum. Sjálfbærni menntunar er einnig hluti af þessu þ.e.s. að nemendur skapi og nýti þekkingu til stuðnings sjálfbærri þróun, skapi virðingu fyrir náttúru og manneskjum og efli ábyrgð fyrir sameiginlegri framtíð okkar. Hið síðasttalda er hugsanlega ekki eins vel útfært og fyrstu fjórir þættirnir en samtvinnað þeim á ýmsan hátt.

Í skólanámskrá má finna sérstakar stefnur skólans: forvarnarstefnu, starfsmannastefnu, umhverfisstefnu og jafnréttisstefnu. Jafnréttisstefnan er frá mars 2010 hinar frá apríl 2005. Einnig eru tenglar á sjálfsmatsáætlun 2010-2014 og skólasamning við MMR 2010-2012.

FAS býður upp á nám á þremur brautum sem lýkur með stúdentsprófi: félagsfræðibraut, málabraut og náttúrufræðibraut, auk viðbótarnám til stúdentsprófs að loknu viðurkenndu starfsnámi. Námsframboðið miðast við að nemendur geti lokið stúdentsprófi á fjórum árum, en skólinn reynir eftir því sem unnt er að greiða götu þeirra sem stefna á skemmri tíma, og hefur þó nokkur fjöldi nemenda gert það (25). Aðrar brautir eru: almenn námsbraut, ótilgreint





nám, vélstjórnarbraut A, vélstjórnarbraut B, skipstjórnarbraut A og aftur í nám. Auk þess eru ýmsar starfsnámsbrautir í boði í samvinnu við Menntaskólann á Egilsstöðum og Verkmenntaskóla Austurlands. Ekki verður annað séð en að brautarlýsingar lýsi markmiðum brauta og skipulagi náms á brautinni ágætlega.

Tengsl skólans við atvinnulífið eru áberandi í skólanámskránni eins og fram kemur í brautalýsingum. Áhugaverð nýjung er fjallamenskunám sem er tilraunaverkefni á vegum FAS í samvinnu við Ríki Vatnajökuls, Þekkingarnet Austurlands, Háskólastríð á Hornafirði, Björgunarfélag Hornafjarðar og Sveitarfélagið Hornafjörður. Vonir standa til að í kjölfar þessa verkefnis verði til nám á framhaldsskólastigi í fjallamennsku (33).

Kynning á námsframboði virðist hafa farið fram þegar nemendur sóttu um skólavist og því er ágætlega lýst á vefsíðu skólans. Þar er einnig að finna námsframboð næstu fjögurra ára fyrir bóknám og nokkrar starfsnámsbrautir tengdar sjómennsku. „Námsráðgjafi sýndi mér skólanámskrána á vefnum þegar ég sótti um“, segir nemandi.

Nemendur hafa sýn á námsframboð í framtíðinni og lýsa henni í rýnihópi 12 nemenda sem myndaður var í apríl 2010 og segja: „Leggja niður námsbrautir, hafa bara bóknám og verknám í staðinn“ (10, bls. 9).

Í 22. grein gildandi laga um framhaldsskóla eru talin upp þau atriði sem gera skal grein fyrir í skólanámskrá, almennum hluta og námsbrautalýsingum (20). Skólanámskrá FAS er einungis birt á rafrænu formi á vef skólans, eins og í flestum öðrum framhaldsskólum. Allt sem á að gera gein fyrir í skólanámskrá virðist mega finna á vefsíðu FAS undir Skólanámskrá.

Skólanámskrár eru yfirleitt ekki prentaðar lengur. Eftir sem áður eru skólanámskrár gögn sem lúta opinberum reglum og eftirliti og ætti því að gæta þess vel að útgáfustjórna vefsíðum svo hægt sé að fylgjast með aldri þeirra og uppfærslu, og tryggja að alltaf séu fyllilegar og réttar upplýsingar um skólanámskrá á vefsíðu skólans. Í 22. gr. framhaldsskólalaganna, 4. mgr., segir: „Skólanámskrá skal staðfesta af skólanefnd að fenginni umsögn skólafundar, sbr. 5. gr. Skólanefnd fylgist með framkvæmd skólanámskrár“ (20). Það má því ljóst vera að skólanámskráin á að koma fram sem eining sem hægt er að staðfesta. Ekki er hægt að staðfesta að skólafundur og skólanefnd hafi haft nógildandi skólanámskrá FAS til umsagnar.

**Mat okkar** er að skólanámskrá FAS virðist að mestu í samræmi við gildandi lög og aðalnámskrá og sé aðgengileg nemendum og foreldrum.

## Hitt og þetta ehf.

Námsframboð er fjölbreytt og brautalýsingar aðgengilegar á vefsíðu.

Skólanámskráin er í endurskoðun til að mæta nýrri menntastefnu ráðuneytisins, en ýmsir þættir nýrrar stefnu virðast þegar virkir í starfi skólans.

### Inntökuskilyrði

Inntökuskilyrði, fjöldatakmörkanir, skimun og stuðningur vegna lesblindu er vel lýst á vefsíðu FAS undir Innritun (26), en ekki undir skólanámskrá.

Við innritun er sérstaklega hugað að nemendum með tilliti til lesblindu og þeim sem þegar hafa greiningu á lesblindu. Sérstakt samstarf vegna þessa er við Grunnskóla Hornafjarðar, enda eru nær allir þeir sem innritast í FAS beint úr 10. bekk GH.

Inntöluskilyrði eru rædd af skólameistara, áfangastjóra og námsráðgjafa en viðmið ráðuneytisins eru í forgrunni og að lokum fer fram umræða um þau á kennarafundi. Álit flestra er að tekið sé við þeim nemendum sem sækja um skólavist í FAS en nefnt að margir þurfi að fara í undirbúningsdeildina.

Nemendur í Grunnskóla Hornafjarðar og Grunnskólanum á Djúpavogi eiga forgang að skólavist í FAS. Allir geta þó sótt um í FAS og fram til þessa hefur engum verið hafnað.

**Mat okkar** er að inntökuskilyrði í FAS séu í fullu samræmi við 32. gr. framhaldsskólalaga (20) og skólasamning við MMR 2010-2012 (14).

### Skipulag skólastarfsins

FAS er skipulagður sem dagskóli og kvöldskóli sem einnig býður upp á fjarnám. Kvöldkennslan er einkum í gegnum samstarf við framhaldsskólana á Austurlandi, og er nú á vorönn 2011 leiðsögunám og félagsliðanáám (30). Grundvöllur skipulags skólastarfsins er að nám sé vinna, en um leið félagslegt ferli, frá klukkan átta á morgnana til fimm á daginn. Nemendur eiga að skipuleggja vinnu sína út frá kennsluáætlunum í verkefnadagatali með aðstoð kennara, bæði kennslustundir og aðra vinnu. Mikil áhersla er lögð á einstaklingsbundna þjónustu við nemendur, meðal annars með viðtölum og umsjónarkerfi. Þetta kemur fram í skólanámskrá á vefsíðu (27) og í skólasamningi (14).

Skipta má áföngum sem kenndir eru við skólann í þrennt eftir skipulagi kennslunnar. Í fyrsta lagi eru áfangar þar sem allir nemendur sækja kennslustundir. Í þessum flokki eru einkum verknámsáfangar.

## Hitt og Þetta ehf.

Í öðru lagi eru áfangar með reglulegri stofukennslu en hluti nemenda mætir ekki í tíma að minnsta kosti ekki reglulega. Slíkir áfangar eru settir upp í fjarnámsumhverfinu Kennsluvef (Moodle) þar sem nemendur geta haft samband við kennarann, nálgast námsefni, skilað verkefnum og gert annað sem nauðsynlegt er í náminu. Til þess að gera nám með þessum hætti mögulegt í sem flestum áföngum þá hafa allir bóknámsáfangar við skólann verið settir upp á Kennsluvef.

Í þriðja lagi eru áfangar sem eingöngu eru skipulagðir sem dreifnáms- eða fjarnámsáfangar. Þeir eru ýmist eingöngu kenndir í gegnum Kennsluvef eða með Kennsluvef og reglulegum myndfundakennslustundum. Sömu meginreglur gilda um nám í dreif- og fjarnámsáföngum og í áföngum sem kenndir eru með hefðbundnu sniði.

Nemendur skólans stunda einnig dreifnám við aðra skóla. Þar er aðallega um að ræða nám við Verkmenntaskóla Austurlands, Menntaskólann á Egilsstöðum og Tækniskólann. Við alla þessa skóla er formlegt samstarf og nemendur FAS þurfa ekki að greiða neitt aukagjald vegna þessa dreifnáms (27).

Árlegur fjöldi vinnudaga nemenda er 175 dagar og hlutfall kennslutíma og prófatíma er u.þ.b. 83% móti 17% og hefur ekki beyst undanfarnar annir (19).

Skóladagatal er á vefsíðu og gefur ágætt yfirlit yfir skipulag skólastarfsins á yfirstandandi önn. Á haustönn 2010 hófst kennsla 24. ágúst og lauk 2. desember. Stöðumat var í október og nóvember og miðannarviðtöl 4. til 7. október. Í sumum greinun er kennt í þremur lotum samkvæmt kennsluáætlun.

Vísindadagar stóðu frá 3. - 5. nóvember 2010. Þá er námsbókunum ýtt til hliðar og nemendur fást við ýmis konar verkefni sem öll tengjast heimabyggðinni á einhvern hátt. Verkefnin að þessu sinni voru unnin í samvinnu við Háskólasetrið og Nýsköpunarmiðstöð Íslands og aðstoðuðu starfsmenn nemendur við verkefnavinnuna. Verkefninu lauk með sýningu í Nýheimum (28).

Mötuneyti er sameiginlegt með öðrum í Nýheimum og boðið er upp á hafragraut á morgnana.

Á vef FAS er listi yfir 39 áfangalýsingar (31). Vegna smæðar skólans er misjafnt hvaða áfanga er hægt að bjóða uppá á hverri önn. Ákveðinn fjöldi nemenda þarf að sækja um svo hægt sé að kenna tiltekinn áfanga. Náist það ekki er nemendum boðið að taka áfangann í fjarnámi. Á haustönn 2010 voru 62 áfangar kenndir í staðarnámi við FAS og lauk með prófi,

## Hitt og Þetta ehf.

samkvæmt upplýsingum frá skólameistara (48). Á vorönn 2011 er boðið upp á 50 áfanga í 28 greinum (32). Úttektaraðilum virðist nokkur misbrestur geta orðið á að allar kennsluáætlanir séu komnar á vefsíðu áður en kennsla hefst á önninni. Samkvæmt upplýsingum frá skólameistara eru kennsluáætlanir birtar nemendum í fyrsta tíma og settar á Kennsluvefinn (49), en ekki var unnt að staðfesta það í þessari úttekt.

Skólareglur eru ítalregar og skýrar og uppfærðar 2008 og 2009 (29). Þær fjalla um mætingar, próftöku, umgengni, áfengi og vímuefni, brottvikningu og fleira. Ekki verður annað séð en að nemendum ætti að vera ljóst til hvers er ætlast af þeim.

**Mat okkar** er að skipulag skólastarfsins sé mjög sveigjanlegt en þó í föstum skorðum.

### Tillögur

- Tryggt sé að skólanámskrá sé staðfest af skólafundi og skólanefnd.
- Kennsluáætlanir verði birtar í öllum áföngum fyrir upphaf annar.
- Gera grein fyrir skimun og lesblindu í skólanámskrá.

## Kennsla, námskröfur og námsmat

### Kennsla

Fram kemur hjá viðmælendum ánægja með kennsluna og nokkurrar fjölbreytni virðist gæta í aðferðum. Nemendur taka fram að munur sé á aðferðum einstakra kennara og foreldri segir: „Kannski aðallega að heimanámið sé í skólanum...þau læra ekki heima. Annar nemandi vill að nemendum verði bannað að nota tölvur í skólanum og segir: „Mundi vilja banna tölvur því krakkarnir hérna læra ekki þegar þau eru með tölvur, truflar námið“. Foreldri leggur áherslu á að heimanámi sé lokið í skólanum og skólinn leggur einmitt áherslu á að svo sé.

Kennsluhættir eru að mati flestra hefðbundnir en fram kemur að verkefnavinna er nokkur og einkunnir gefnar fyrir vinnu í henni. Skólameistari segir: „Þeir eru kannski að mestu leyti venjulegir...en þó í verkefnavinnu sem tengist þeirra umhverfi. Viljum frekar að nemendur vinni að verkefnum en hlusta sífellt á kennarann og lesa texta“. Kennari tók fram að nemendur ynnu mikið með námi og reynt væri að koma til móts við þá með ákveðnum sveigjanleika og í námsmati. Annar tók fram að töflukennsla ætti sinn sess en þó væri reynt að taka upp nýjungar eftir því sem við ætti: „Mundi segja áhersla á verkefnavinnu og próf og sjálfstæð vinnubrögð nemenda og sjálfsaga“.

Á vefsíðu skólans voru kennsluáætlanir fyrirliggjandi, þann 11. janúar 2011, í 28 áföngum af 50 sem kenna á á vorönn. Kennsluáætlanir voru fyrirliggjandi, þann 9. nóvember 2010 í 40 áföngum af 57 sem kenna átti á haustönn. Samkvæmt skólameistara er ekki gerð kennsluáætlun fyrir íþróttir (41).

Miðannarviðtöl fóru fram 5. október 2010. Markmið þeirra er að kennari hitti nemanda á einstaklingsgrunni og fari yfir námsframvinduna með honum.

Fyrirliggjandi kennsluáætlanir eru aðgengilegar öllum á vef skólans og þar eru markmið skilgreind ásamt vinnulagi og námsmati. Áfangastjóri segir: „Höfum gert miklar kröfur um að kennsluáætlanir séu vandaðar...leggjum hart að kennurum að gera þetta strax“. Skólameistari segir: „Leggjum mikla áherslu á að markmið komi skýrt fram í kennsluáætlunum. Á að vera skýrt gagnvart nemendum hvernig þetta lítur út...bæði hvað ætlast er til af nemanda og kennara og hvaða vægi hvað hefur. Og skyldur kennara til að skila verkefni til baka“.

Nemendur telja hlutverk kennarans fyrst og fremst vera að miðla þekkingu til nemenda en einn segir: „Að koma námsefninu á framfæri og kenna krökkunum. Þurfa ekki endilega að



## Hitt og þetta ehf.

vera vinir manns...þannig séð...frekar kenna manni“. Hlutverk nemandans sé að taka við því sem kennarinn miðlar en jafnframt vera gagnrýninn. Nemendur vilja að skoðanaskipti fari fram milli kennara og nemanda.

**Mat okkar** er að nokkurrar fjölbreytni gæti í kennsluaðferðum skólans.

Miðannarviðtöl tryggja nemendum persónulega þjónustu upp að vissu marki.

Skólinn ætti að taka til skoðunar athugasemd nemanda varðandi tölvunotkun nemenda í kennslustundum.

## Námskröfur og námsmat

Brautalýsingar eru á vefsíðu skólans og þar er markmiðum brautar lýst, einnig skipulagi náms á brautinni. Áfangalýsingar eru á vefsíðu og þar eru áfangamarkmið skilgreind. Einnig er kennsluaðferðum lýst í stórum dráttum og hvernig þær tengjast áfangamarkmiðunum. Undir Námsframboð kemur fram að nám á stúdentsbrautum sé fjögurra ára nám sem ljúki með stúdentsprófi og miði að því að nemendur geti hafið nám í háskóla að því loknu.

Fram kemur hjá Eyjólfí skólameistara að enginn nemandi hafi fengið undanþágu inn á brautir skólans. Hann segist ekki hafa tölur yfir brottfall nemenda af einstökum brautum (13). Hann segir brottfall haustannar 2010 vera 12,5% (9).

Samræmi milli markmiða í greinum og námsmats telur skólameistari að sé skýrt í kennsluáætlunum. Kennarar telja að svo sé en þó ekki alltaf: „Stundum gerist það að námsmatið er ekki alveg samræmt..þegar ég er að kenna nýjan áfanga..kemst kannski ekki yfir efnið“. Nemendur virðast gera sér ágæta grein fyrir námskröfum. Þeim finnst skólinn leggja áherslu á skapandi starf og læsi í víðum skilningi.

Nokkuð nákvæm lýsing á námsmati í hverri grein er í kennsluáætlunum vorannar 2011, þeim sem aðgegnilegar voru þann 11. janúar 2011.

Í skólanámskrá kemur fram að 100 tíma regla er við lýði í skólanum. „Námið er skipulagt sem heildstæð vinna nemenda þar sem hver þriggja eininga áfangi er um 100 klukkustunda vinna. Vinnan er samsett úr kennslustundum og annarri vinnu. Almenna reglan er sú að þriggja eininga áfangi sé kenndur í fjórar klukkustundir í viku, í fjórtán og hálfu viku, það er 58 klukkustundir á önn. Önnur vinna í slíkum áfanga er þá um 42 klukkustundir...Í kennsluáætlun hvers áfanga er er 100 tíma reglan útfærð“ (27). Nemendur eiga því að geta séð í kennsluáætlunum útfærsluna á reiknireglunni fyrir hvern áfanga.

## Hitt og Þetta ehf.

Skapandi starf má sjá á undir tengli á vefsíðu skólans sem ber heitið Vísindadagar en hann lýsir ágætlega verkefnum sem nemendur hafa unnið og tengjast beint skapandi starfi. Læsi er annað verkefni sem nemendur unnu í tengslum við Grunnskóla Hornafjarðar. Fram kemur að áhersla er lögð á umhverfislæsi í skólanum. Fjallamennska er dæmi um nýtt metnaðarfullt nám sem nemendum býðst og felur í sér umfjöllun og kennslu varðandi m.a snjóflóð og vetrarfjallamennsku í Örafum.

Nemendur segja námsmatið hefðbundið en einkunnir séu einnig gefnar fyrir vinnu í verkefnum. Námsárangur byggist fyrst og fremst á ástundun og metnaði hvers og eins en einnig á kennurum og hvernig þeir komi efninu til skila. Eins og fram hefur komið er sveigjanleiki í námsmatinu. Nokkuð er um að nemendur vinna með námi og þá er búinn til sérstakur rammi um námsmatið.

Nemendur hafa skoðanir á hvernig þeir vilja hafa námsmatið og létu þær í ljósi: „Nemendur 18 ára og eldri ráða mætingunum og námsmat fer eftir því hve vel þeir mæta“. Einnig segja þeir á sama stað: „Út með lokapróf og inn með símat. Verkefnavinna og mat kennara gildir 100% og nemandi þarf að fá 5-6 í einkunn til að ná áfanganum“ (10, bls 9).

**Mat okkar** er að samræmi sé milli námsmarkmiða og námsmats og að nemendum ætti að vera það ljóst.

Leitað er eftir hugmyndum nemenda um ýmislegt sem varðar skólann.

Sveigjanleiki er fyrir hendi varðandi námskröfur og námsmat upp að vissu marki.

## Tillögur

- Könnun fari fram meðal nemenda á tölvunotkun þeirra í kennslustundum með tilliti til truflunar meðal annars.
- Kennsluáætlanir séu allar tiltækar í upphafi annar í öllum greinum þegar kennsla hefst.

## Félagslegt umhverfi

### Skólabragur

Stefna skólans birtist í skólanámskrá og segir þar að nám sé vinna en einnig félagslegt ferli og að skólinn sé þjónustustofnun. „Lögð er áhersla á að skólinn þjóni þörfum nemenda á persónulegan hátt með sveigjanlegu námsframboði og hann mæti kröfum samfélagsins hverju sinni“ (6). Skólinn hefur samið jafnréttisstefnu sem leggur áherslu á að allir séu jafnir fyrir lögum og eigi að njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, kynhneigðar, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, litaráttar, búsetu, ætternis, stöðu, fötlunar, geðraskana eða námserfiðleika. „Í skólanum njóti því nemendur og starfsfólk jafns réttar sbr. 2.gr. laga nr. 92/2008“ (7). Skólinn er lítill og viðmælendur fjalla um að það geri samskiptin afar persónuleg og einmitt smæðin sé aðalstyrkleiki skólans en um leið sé erfitt að taka á ágreiningsmálum og þá snúist styrkleikinn upp í veikleika.

Ágreiningsmál skilja viðmælendur hver á sinn hátt en fram kemur að stundum sé erfitt að taka á slíkum málum í svona litlum skóla. Skólameistari og eða áfangastjóri taka á málum starfsfólks ef þau koma upp. Mál nemenda fara oft inn á borð námsráðgjafa og eins virðast kennarar leita til skólameistara og samkennara varðandi agamál. Agamál nemenda eru einnig rædd á kennarafundum. Enginn tiltekinn farvegur virtist vera fyrir hendi heldur tekið á hverju máli fyrir sig þegar það kemur upp.

Nemendum og foreldrum finnst lýðræði og jafnrétti yfirleitt virt í skólanum og að auðvelt sé að fá áheyrn hjá stjórnendum og setja fram skoðanir og að þær séu virtar. Svipað hlutfall kynja er við kennslu í skólanum. Einn nemandi sagði: „Mér finnst eins og allir reyni að hafa áhrif á allt...kennarar og nemendur“.

„Afslappað og vinalegt er það fyrsta sem mér dettu í hug. Opnar skrifstofur. Nemendur ganga inn þega þeim hentar“, segir skólameistari. „Jákvætt og hvetjandi viðmót kennara almennt gagnvart nemendum. Leggja mikið á sig umfram skyldur“, segir áfangastjóri. Kennarar telja andrúmsloftið gott og nemendur einnig: „Bara fínt andrúmsloft. Þó nemendafélagið sé ekki nógu virkt...nær ekki nógu vel til nemenda. Mest vegna fjárskorts segja þau“, segir nemandi.

Samskipti nemenda og kennara byggast á vinsemd og virðingu að mati skólameistara: „Kennarinn er verkstjórinn. Reynum að hlusta eftir því sem nemendur segja...í viðtölum við nemendur...á einstaklingsbasis“. „Ég held við hlustum vel á nemendum og þeirra skoðanir fái að njóta sín“, segir áfangastjóri. Kennarar segja þetta fari eftir einstaklingunum en yfirleitt séu



## Hitt og Þetta ehf.

samskiptin byggð á lýðræði og jafnrétti. Nemendur og foreldrar segja að samskiptin séu góð og byggist á jafnrétti.

**Mat okkar** er að skólabragur virðist í samræmi við stefnu skólans og samskipti byggjast á lýðræði og jafnrétti í raun.

### Námsráðgjöf og stuðningur við nemendur

Fyrst og fremst er fylgst með líðan nemenda í gegnum námsárangur og mætingar. Reglulega er fundað um nemendur á kennarafundum og tekið á málum sem þar koma upp. Umsjónarkennarar eru nefndir fyrst, þá aðrir kennarar og námsráðgjafi. Reglulegar kannanir eru gerðar meðal nemenda: „Við gerum alltaf kannanir í lok hvernna annar...beinist að kennslunni, stjórnun og öðru“. „Höfum viðmið í námsárangri og öðru“. „Við erum með nemendur sem rekast illa...t.d. þunglyndir...skólinn tekur mjög milt á slíku“. „Flestir þekkja til aðstæðna heima hjá nemendum“. „Námsráðgjafi fylgist vel með nemendum“. „Frekar tekið á hverju máli þegar það kemur upp“. Nemendur hafa ýmsar skoðanir á því hvert þeir myndu snúa sér í persónulegum málum en flestir nefna námsráðgjafa og foreldra í því sambandi.

Ef leitað er á vefsíðu skólans að námsráðgjöf þá kemur ekkert upp um hana. Námsráðgjafar er ekki getið í skólanámskrá eins og á að gera skv. 37.gr. í Lögum um framhaldsskóla 92/2008 en hennar er getið í kaflanum innritun/inntökuskilyrði og þá í tengslum við greiningar vegna námserfiðleika og skimunarprófa.

**Mat okkar** er að gera þurfi gleggri grein fyrir námsráðgjöf skólans, markmiðum hennar og þeim vinnuáferðum sem þar eru viðhafðar í skólanámskránni. Nemendur og aðrir þurfa að eiga greiða leið að upplýsingum um hana í skólanámskrá og á vefsíðu skólans.

### Einelti í skólanum

Skólinn hefur ekki sérstaka stefnu í eineltismálum starfsfólks né nemenda en af gefnu tilefni var umræðan tekin upp á haustönninni. „Allt leyst í bróðerni...aldrei komið til neinna átaka. Ekki mótuð stefna sem öllum er kunnug í skólanum“. „Ekki kunnugt um að prógram sé í gangi“.

**Mat okkar** er að semja þurfi eineltisáætlun fyrir nemendur og starfsfólk sem fyrst og kynna hana öllum hlutaðeigandi aðilum reglulega.

## Nemendaráð

Nemendur telja nemendaráðið sinn vettvang og þangað geti þeir komið með hugmyndir um félagslífið og þaðan sé þeim komið áfram til stjórnenda. Ágætlega er greint frá starfsemi nemendaráðs á vefsíðu skólans og þar eru sett fram markmið og áætlanir.

Stuðningur skólans við félagslíf nemenda er með þeim hætti að starfsmaður er í hálfu starfi á vegum skólans til að sinna nemendaráði og styðja við félagslíf nemenda. Nemendum finnst áfengismælingar erfiðar þeim sem drekka og þeir komi síður á skemmtanir skólans þess vegna og einnig hafi fyrri nemendaráð spillt fyrir því að hægt sé að leigja húsnæði fyrir skemmtanir skólans úti í bæ. Þeir vonast þó til að þetta sé að lagast.

**Mat okkar** er að skólinn styðji við félagslíf nemenda.

Nemendur lýsa ákveðnum metnaði varðandi félagslífið og setja fram stefnu og markmið á vefsíðu skólans.

## Forvarnarstarf

Skólinn hefur samið forvarnarstefnu og leggur áherslu á:

- Að öll meðferð áfengis og annarra vímuefna sé bönnuð í tengslum við starfsemi skólans og félagslíf nemenda.
- Að vinna með sveitarfélaginu að vímuvörnum unglinga á Hornafirði.
- Að uppfærða nemendur um skaðsemi vímuefna.
- Að reykingar eru bannaðar í húsnæði skólans og á lóð hans.
- Að stuðla að og standa fyrir skemmtunum og félagslífi án vímuefna (8).

Nemendur hafa misjafnar hugmyndir um forvarnarstarfið í skólanum og sumir er alls ókunnugir því að þar sé forvarnarstefna, yfirleitt, meðan aðrir tengja þetta við böllin og aðgengi að þeim.

**Mat okkar** er að kynna þurfi forvarnarstefnu skólans reglulega fyrir nemendum

## Tillögur

- Skilgreindur verði farvegur sem öllum er kunnugt um fyrir hin ýmsu ágreiningsefni.
- Námsráðgjöf fái lögskipiðan sess í skólanámskrá og að markmið hennar og skilgreint vinnulag sé á vefsíðu skólans.
- Semja þarf eineltisáætlanir fyrir nemendur og starfsfólk og kynna þær reglulega.

 Hitt og þetta ehf.

- Kynna þarf forvarnarstefnu skólans reglulega fyrir nemendum.

## Stoðþjónusta

### Námsráðgjöf

Lög um framhaldsskóla, 34.gr. frá 2008, tilgreina að skólar skuli gera grein fyrir því í skólanámskrá hvernig staðið sé að skimun og geiningu leshömlunar, ásamt eftirfylgni og stuðningi við nemendur sem þannig greinast. Í skólanámskrá FAS er ekki talað um þessa þjónustu en lýsingu á henni má finna á vefsíðu skólans undir kaflanum um inntökuskilyrði. Ágætlega greinargóðar lýsingar eru þar á skimun, greiningu, eftirfylgni og stuðningi við nemendur sem þess þurfa. Þar er tekið fram að námsráðgjafi FAS sjái til þess að allar slíkar upplýsingar sem fylgja nemandanum séu kynntar kennurum hans. Þar eru einnig tilgreind þau úrræði sem nemendum bjóðast. Úrræðin eru fjölbreytt. Nemendur sem koma úr Grunnskóla Hornafjarðar leggi gjarnan greiningu með umsókn sinni um skólavist í FAS (26).

Eyjólfur skólameistari segir að nemendur hafi fengið greiningu á leshömlunum í gegnum Náms- og starfsráðgjafa Þekkingarnets Auðsturlands og þá tengist það náminu: *Aftur í nám* sem skólinn býður uppá, þeim sem vilja hefja nám að nýju eftir nokkra fjarveru frá námi (3).

Samkvæmt tölum frá Eyjólfri skólameistara eru fjórir nemendur árið 2010 - 2011 sem njóta sérkennslu sem er fjölgun frá árunum á undan (9).

Skólameistari segir: „Námsráðgjafi heldur utanum þetta...við reynum að fá upplýsingar frá nemanda um þetta, greiningu frá grunnskóla og slíkt...Reynt að mæta einstaklingsþörfum. Lítil skóli...getum ekki haft algildar reglur“. Áfangastjóri segir: „Við reynum að hjálpa þeim, erum með stuðningsfulltrúa fyrir nemendur með sérþarfir...mætum nemendum á einstaklingsgrunni“. Kennari segir: „Ekki mikil þjónusta við nemendur með sérþarfir eins og stærðfræðiblindu og lesblindu“. Annar kennari segir: „Ef nemendur koma með greiningu skilar það sér til námsráðgjafa...en ekki alltaf kannski til kennara“. Foreldrar telja að heimilin þurfi að fylgja greiningum eftir og að þær skili sér ekki alltaf: „Höfðum greiningu...sem kom til námsráðgjafa við innritun. Finnst ekki hafa skilað sér. Eins og þau viti ekki hvaða sérþarfir hann hefur...ekki skilað sér til kennarans“. Nemandi segir: „Ég þarf sérkennslu, er lesblind...var greind í grunnskóla. Kom með það til námsráðgjafa...veit ekki hvað ég get fengið“.

**Mat okkar** er að stoðþjónustu verði að tilgreina í skólanámskrá en ekki að hún afmarkist eingöngu við kaflann um innritun.

## Hitt og Þetta ehf.

Nemendum fylgja greiningar úr grunnskóla en virðast ekki skila sér til kennara frá námsráðgjafa í öllum tilfellum og foreldrar telja sig þurfa að fylgja greiningum eftir, það gerist ekki sjálfkrafa í skólanum að þeim sé fylgt.

Nemendur sem hlotið hafa greiningu um leshömlun geta ekki nýtt sé nógu vel kynningu á úrræðum sem skólinn býður uppá. Letur á heimsíðu er of smátt svo dæmi sé tekið.

### **Móttaka nemenda með annað tungumál en íslensku**

Móttaka nemenda með annað tungumál en íslensku virðist góð í hugum flestra viðmælenda en skólameistari segir: „Byrjum á viðtali við þá og aðstandendur ef hægt er...tekið á þessu einstaklingsbundið. Ekki fast kerfi“.

Móttökuáætlun fyrir nemendur sem hafa annað tungumál en íslensku er í skólanámskrá eins og lög gera ráð fyrir. Eyjólfur skólameistari segir að í vetur, 2010 – 2011, sé einn nemandi með annað tungumál en íslensku fyrir utan skiptinema (9).

**Mat okkar** að móttökuáætlun fyrir nemendur með annað tungumál en íslensku sé til staðar og virðist virka ágætlega.

### **Tillögur**

- Stoðþjónusta sé skilgreind í skólanámskrá, fyrst og fremst.
- Skólinn skilgreini vinnulag fyrir móttöku og kynningu á greiningum nemenda með leshamlanir þannig að öllum sé það ljóst.
- Tryggt sé að upplýsingar um úrræði séu aðgengilegar öllum, nemendum, foreldrum og kennurum.
- Tekið sé tillit til leshömlunar við birtingu á upplýsingum um þjónustu.

## Mat á skólastarfi

### Innra mat og umbótastarf

Skólameistari ber ábyrgð á matinu að sögn flestra viðmælenda. Hann segir: „Ég ber ábyrgð á matinu...hef unnið þetta að mestu sjálfur“. Ekki er tilgreint í starfslýsingum hver ber ábyrgð á sjálfsmatinu (18).

Skólameistari segir: „Mat á kennslunni í lok hvers áfanga. Nemendur meta kennsluna í áfanga..eða stoðþjónustuna eða ýmislegt“. Kennari segir: „Það er ógurlega mikið af alls konar könnunum. Á hverri önn eru lagðar spurningar fyrir nemendur. Mismunandi á hverri önn“. Flestir telja að matið byggji á traustum gögnum, sé kerfisbundið og unnið sé samkvæmt tímaáætlun en nokkrir telja sig ekki nógu kunnuga matinu til að svara á fullnægjandi hátt.

Áfangamatið byggir á viðhorfskönnunum sem kennari hvers áfanga fær til athugunar. Þessar kannanir eru ekki birtar, en eru ræddar milli kennara og skólameistara og á kennarafundum ef svo ber undir. Samantekt eftir önnina er birt í sjálfsmatskýrslu þegar hún kemur út. Ekki kemur fram hvert svarhlutfallið sé og hvort það sé kynjaskipt, en viðhorfskannanir eru tæplega marktækar nema ákveðið svarhlutfall sé á bakvið þær. Þetta þyrfti að koma fram með niðurstöðum.

Umbótastarf virðist unnið samkvæmt matinu og nokkur dæmi eru dregin upp því til stuðnings eins og að fram hafi komið hávaði á lesstofu og þá hafi verið brugðist við með því að kennari er þar inni til að hafa eftirlit og við það breyttist ástandið. Nemandi segir: „Jú maður tekur eftir að þegar er galli þá er lagað en annað alltaf ómögulegt. Til dæmis kennarar skila ekki tilbaka á réttum tíma. Búin að vera í þrjú ár og alltaf verið svona. Sumir kennarar. Krakkar eiga að skila en kennarar, sumir, trassa að skila“. Ekki virðast því allar niðurstöður í sjálfsmati leiða til umbóta og þyrfti skólameistari að taka þetta til athugunar.

Kennarar virðast almennt gera matið að sínu á þann veg að það gagnist þeim í starfi. Skólameistari segir: „Hugmyndafræðin gengur út á að þátttakendur velji verkefni sjálfir“. Áfangastjóri segir: „Við förum náttúrulega yfir þetta í sameiningu á kennarafundi...góðar umræður...margir kennarar áhugasamir um þetta, koma sínum sjónarmiðum að“.

Upplýsingar um matið virðast aðgengilegar á vefnum en skólameistari segir: „Nýjasta matið ekki komið á vefinn...en flestar aðrar þar. Gæti verið gloppur“. Áfangastjóri segir: „Alltaf birt

## Hitt og Þetta ehf.

skýrsla um þetta...sem skólameistari gerir...og birtir á vef skólans“. Kennari segir: „Alltaf gerðar uppgjörsskýrslur í lok annar“.

Sjálfsmati skólans eru gerð skil á vefsíðu (34). Þar eru sjálfsmatsskýrslur frá 2006 til 2010 að undanskildu 2008, en þá tókst ekki að ljúka skýrslu (35).

Sjálfsmatsskýrslan 2009-2010 (10) virðist líkjast meira ársskýrslu skóla en sjálfsmatsskýrslu. Farið er yfir starfið á skólaárinu vítt og breitt, sagt frá öllum fundum sem haldnir voru, viðhorfskönnunum og starfi rýnihópa. Minna fer fyrir markvissu mati, nema þar sem nokkrar kennitölur eru birtar og niðurstöður úr viðhorfskönnunum, en myndritin í skýrslunni eru mjög lýsandi og gagnleg. Athugandi væri að skipta þessu upp, þannig að í sjálfsmatsskýrslu séu aðeins niðurstöður þeirra þátta sem á að meta samkvæmt sjálfsmatsáætlun hverju sinni, settar fram í töflum og myndum ef við verður komið. Þannig yrðu sjálfsmatsskýrslurnar markvissari og umbótamiðaðri.

Í bækningnum Sjálfsmat skóla sem ráðuneytið gaf út 1997 er m.a. sagt: „Skólar halda nú þegar utan um margs konar upplýsingar. Úrvinnsla þessara gagna getur verið grundvöllur fyrir sjálfsmat, nýja markmiðssetningu og umbætur“ (47).

Uppgjörsskýrslur og áfangaskrár virðast til dæmis innihalda ýmsar gagnlegar upplýsingar sem hægt væri að nota í sjálfsmati, ef sett yrðu viðeigandi árangursviðmið og umbótaáætlanir. Þetta ætti sérstaklega að skoða í samræmi við nýja skólanámskrá þar sem árangursviðmið verða væntanlega skilgreind.

Sjálfsmatsáætlun frá haustönn 2010 – 2014 lýsir forsendum sjálfsmatskerfisins og vitnar í lög um framhaldsskóla, aðalnámskrá framhaldsskóla, skólasamning og skólanámskrá. Því er lýst að aðferðin við sjálfsmatið sé svokallað „umbótamiðað (results) sjálfsmat“ (42). Taldir eru upp ellefu þættir sjálfsmatskerfisins, svo sem fundir, viðtöl og kennitölur anna, og í lokin er verk- og framkvæmdaáætlun frá haustönn 2010 til vorannar 2014.

Þrátt fyrir að mikið sé lagt í sjálfsmatskerfið telja úttektaraðilar vafasamt að matið uppfylli viðmið ráðuneytisins eins og þeim er lýst í aðalnámskrá framhaldsskóla, svo sem: formlegt, altækt, áreiðanlegt, lýsandi, greinandi, árangursmiðað og umbótamiðað (43). Hugmyndafræði umbótamiðaðs sjálfsmats byggir á „að vinna í hópum út frá því sem hver hópur hefur áhuga á að skoða“ (42). Erfitt getur verið að tryggja að sjálfsmat sé t.d. altækt ef starfsmenn fá að ráða hvað er skoðað hverju sinni.

## Hitt og Þetta ehf.

Í inngangi sjálfsmatsskýrslunnar 2009-2010 segir: „Sjálfsmat skólans er því ekki vel samræmt öllum þeim þáttum sem sjálfsmatið byggir á“. Og í lokaorði sömu skýrslu: „Á tímum mikilla breytinga á umgjörð skólans og vegna fyrirhugaðra breytinga á starfsemi hans þarf að huga að því hvort núverandi form á sjálfsmati henti nýju skipulagi, verði í samræmi við nýja skólanámskrá og sé nægjanlega umbótamiðað eins og kveðið er á um í skólasamningi að innra mat skólans eigi að vera. Það er mikilvægt verkefni skólans veturinn 2010 til 2011 að leita svara við þessum spurningum“ (10).

Það er því augljóst að skólameistari er meðvitaður um að sjálfsmatið í dag tekur ekki til allra þeirra þátta sem sjálfsmat skóla á að gera, og telur að breytinga á formi sjálfsmats sé þörf samhliða nýrri skólanámskrá. Úttektaraðilar geta tekið undir þetta að vissu marki, en benda á að sjálfsmat á alltaf að miðast við það ástand sem ríkir þegar sjálfsmat fer fram. Gildir það ekki síst þegar skólar ganga í gegnum breytingaskeið, t.d. til að fylgjast með framgangi og árangri breytingarverkefna.

**Mat okkar** er að huga þurfi að svarhlutfalli þegar niðurstöður viðhorfskannana eru metnar, og að ekki virðast allar niðurstöður í sjálfsmati leiða til umbóta.

Sjálfsmatsskýrslur líkjast meira ársskýrslum, þar sem meira fer fyrir lýsingu á skólastarfi en markvissu árangursmati.

Þrátt fyrir að mikið sé lagt í sjálfsmatið teljum við vafasamt að það uppfylli viðmið ráðuneytisins í aðalnámskrá framhaldsskóla. Sjálfsmat er ekki síst mikilvægt í breytingarferli.

Líklegt er að margs konar upplýsingar liggi nú þegar fyrir í skólanum sem hægt væri að vinna úr og nota við sjálfsmat.

### Ytra mat

Samkvæmt lögum um framhaldsskóla annast mennta- og menningarmálaráðuneytið ytra mat á skólum samkvæmt þriggja ára áætlun, og skal gerð úttekt á hverjum framhaldsskóla a.m.k. á fimm ára fresti (20, 42. gr.). Þetta er því fyrsta úttektin af þessu tagi á FAS.

Í febrúar 2010 gerði Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands könnun á innleiðingu laga um framhaldsskóla fyrir MMR, þ.m.t. FAS (44). Þar kemur m.a. fram að í um 60% skólanna er skólanámskráin að einhverju leyti í samræmi við ákvæði 22. gr. laga um framhaldsskóla. Þessi niðurstaða og aðrar í þessari skýrslu koma ágætlega heim og saman við mat úttektaraðila hér.



## Hitt og þetta ehf.

Á vorönn 2007 og 2008 var gerð úttekt á sjálfsmatsaðferðum framhaldsskóla fyrir MMR og var FAS með í úttektinni 2007 (45, 46). Tíu skólar voru í hvorri úttekt og töldust sjálfsmatsaðferðir 6 skóla fullnægjandi 2007 en 8 skóla 2008. Gögn um þessar úttektir eru ekki aðgengileg, svo ekki verður fjallað frekar um þær hér.

**Mat okkar** er að lítið sé ennþá til að styðjasti við um ytra mat á FAS.

### Tillögur

- Skýra í starfslýsingum skólans hver er ábyrgur fyrir sjálfsmatinu.
- Athuga hvers vegna sumar niðurstöður sjálfsmats leiða ekki til nauðsynlegra umbóta.
- Íhuga hvort skipta ætti sjálfsmatsskýrslu upp í ársskýrslu og sjálfsmatsskýrslu.
- Skipuleggja sjálfsmatið þannig að það sé í samræmi við viðmið aðalnámskrár og beintengt skólanámskrá.
- Nýta sjálfsmatið á tímum breytinga.
- Nýta upplýsingar úr gögnum skólans betur í sjálfsmati.
- Huga betur að svarhlutfalli þegar niðurstöður viðhorfskannana eru metnar.

## Niðurstöður höfunda

### Styrkleikar og veikleikar

#### Styrkleikar

- Smæð skólans
- Smæð skólans skapar persónulegt samband nemenda og kennara
- Fagleg ábyrgð á skólastarfinu er hjá skólameistara að mati allra viðmælenda
- Skólastarfið er skipulagt út frá vinnu nemenda
- Kjarni starfsfólks er framsækinn og vinnufús
- Kennarafundir eru tíðir og notaðir sem samráðs- og upplýsingafundir
- Grunnþættirnir læsi, lýðræði, jafnrétti, skapandi starf og sjálfbærni menntunar eru hluti af skólastarfinu og áhersla er lögð á að þeir tengist nærsamfélaginu
- Viðhorf stjórnenda til menntunar og endurmenntunar kennara er jákvætt
- Nemendum og foreldrum finnst lýðræði og jafnrétti virt og virkt í skólanum
- Jákvætt andrúmsloft virðist ríkjandi í skólanum
- Fylgst er reglubundið með námsárangri nemenda og stöðu þeirra
- Nemendur eru sammála um forsendur náms
- Umbætur eru gerðar á grunni innra mats
- Viðhorf foreldra til skólans er jákvætt
- Viðhorf atvinnulífsins til skólans er jákvætt
- Þátttaka skólans í erlendu samstarfi er mikil og markviss
- Starfsmaður á vegum skólans er í hálfu starfi nemendum til aðstoðar í félagsstarfi þeirra.

#### Veikleikar

- Smæð skólans
- Erfitt að fjalla um ágreiningsmál vegna smæðar skólans
- Skólinn hefur ekki sérstaka stefnu í eineltismálum
- Skortur á kennurum með fagmenntun
- Óljóst hjá nemendum hvert þeir myndu leita með persónuleg vandamál, innna skólans
- Aðgengi að upplýsingum af kennarafundum ekki nógu gott
- Farvegur stoðþjónustu er ekki nógu skilvirkur að mati foreldra
- Umbætur á grundvelli nemendamats ekki alltaf gerðar að mati nemenda



## Hitt og þetta ehf.

- Mótsögn í því sem skólameistari segir varðandi skil á verkefnum frá kennurum til nemenda
- Skortur á ýmsum lykiltölum og árangursmælingum
- Lítið vitað um viðhorf viðtökuskóla til FAS
- Kennsluáætlanir eru ekki fyrirbyggjandi í öllum áföngum í upphafi annar
- Fáir nemendur
- Veikar raungreinar

## Tillögur að aðgerðum til úrbóta

- Skilgreint verði hver ber ábyrgð á sjálfsmati skólans og endurgjöf á grundvelli þess
- Skýr metanleg markmið komi fram í endurgerð skólastefnunnar
- Rýnt sé í sveiflur og ástæður brottfalls
- Upplýsingamiðlun af kennarafundum verði bætt
- Skólinn styðji áfram við bakið á kennurum sem vilja afla sér frekari menntunar og réttinda auk þess að reyna að laða til sín menntaða raungreinakennara
- Skólinn komi á framfæri hvernig hin miklu ytri tengsl nýtast honum í sambandi við skólaþróun, öðrum til eftirbreytni.
- Kennsluáætlanir verði birtar í öllum greinum í upphafi annar
- Gerð verði grein fyrir skimun leshamlaðra og greiningu þeirra í skólanámskrá
- Skilgreindur verði farvegur fyrir ágreiningsmál
- Námsráðgjöf fái lögskipaðan sess í skólanámskrá
- Kynna forvarnarstefnu skólans reglulega fyrir nemendum
- Könnun fari fram meðal nemenda á tölvunotkun þeirra í kennslustundum
- Tryggt sé að upplýsingar um úrræði stoðþjónustu séu aðgengilegar öllum
- Tekið sé tillit til leshömlunar við birtingu á upplýsingum um stoðþjónustu
- Gerð sé grein fyrir íþróttakennslu á vefsíðu skólans

## Heimildir

1. Erindisbréf MMR vegna úttektar á Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu, 20. október 2010 (MMR10090451/6.14.3-).
2. Vefsíða – skólinn:  
[http://fas.is/index.php?option=com\\_content&task=view&id=4&Itemid=18](http://fas.is/index.php?option=com_content&task=view&id=4&Itemid=18),  
05.01.2011
3. Vefpóstur frá Eyjólfri Guðmundssyni til Jóns Bergssonar, 16.11.2010, 13:16.
4. Vefsíða – starfsmenn:  
[http://fas.is/index.php?option=com\\_contact&catid=22&Itemid=53](http://fas.is/index.php?option=com_contact&catid=22&Itemid=53), 05.01.2010
5. Vefsíða – annáll:  
[http://fas.is/index.php?option=com\\_content&task=view&id=308&Itemid=92](http://fas.is/index.php?option=com_content&task=view&id=308&Itemid=92),  
05.01.2011
6. Vefsíða – hlutverk og markmið:  
[http://fas.is/index.php?option=com\\_content&task=category&sectionid=4&id=78&Itemid=47](http://fas.is/index.php?option=com_content&task=category&sectionid=4&id=78&Itemid=47), 05.01.2011
7. Vefsíða – jafnréttisstefna:  
[http://fas.is/index.php?option=com\\_content&task=view&id=663&Itemid=47](http://fas.is/index.php?option=com_content&task=view&id=663&Itemid=47),  
05.01.2011
8. Vefsíða – forvarnarstefna:  
[http://fas.is/index.php?option=com\\_content&task=view&id=77&Itemid=47](http://fas.is/index.php?option=com_content&task=view&id=77&Itemid=47),  
05.01.2011
9. Vefpóstur frá Eyjólfri Guðmundssyni til Jóns Bergssonar, 06.01.2011, 08:30.
10. Sjálfsmatsskýrsla skólaárið 2009-2010, september 2010, Eyjólfur Guðmundsson:  
[http://fas.is/images/stories/sjalfsmat/matsskyrsla\\_2009-2010.pdf](http://fas.is/images/stories/sjalfsmat/matsskyrsla_2009-2010.pdf), 12.01.2011.
11. Nýheimar – þekkingarsetur, Höfn: <http://www2.hornafjordur.is/nyheimar>, 06.01.2011
12. Vefpóstur frá Eyjólfri Guðmundssyni til Jóns Bergssonar, 05.01.2011, 16:27.
13. Vefpóstur frá Eyjólfri Guðmundssyni til Jóns Bergssonar, 05.01.2011, 16:12.
14. 361 Framhaldsskólinn Austur-Skaftafellssýslu, skólasamningur 2010-2012.
15. Vefpóstur frá Eyjólfri Guðmundssyni til Jóns Bergssonar, 06.01.2011, 13:13.
16. Vefsíða – Skólanámskrá, inngangur:  
[http://fas.is/index.php?option=com\\_content&task=view&id=68&Itemid=48](http://fas.is/index.php?option=com_content&task=view&id=68&Itemid=48),  
06.01.2011.

17. Vefsíða – vorönn 2011:

[http://fas.is/index.php?option=com\\_content&task=view&id=706&Itemid=187](http://fas.is/index.php?option=com_content&task=view&id=706&Itemid=187),  
07.01.2011.

18. Vefsíða – skipulag og starfsemi:

[http://fas.is/index.php?option=com\\_content&task=category&sectionid=4&id=79&Itemid=50](http://fas.is/index.php?option=com_content&task=category&sectionid=4&id=79&Itemid=50), 07.01.2011.

19. Vefpóstur frá Eyjólfí Guðmundssyni til Jóns Bergssonar, 07.01.2011, 15:04.

20. Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008: <http://www.menntamalaraduneyti.is/log-og-reglugerdir/>, 07.01.2011.

21. Reglugerð um skólanefndir við framhaldsskóla, nr. 132/1997:

<http://www.menntamalaraduneyti.is/log-og-reglugerdir/>, 07.01.2011.

22. Reglugerð um skólaráð við framhaldsskóla, nr. 140/1997:

<http://www.menntamalaraduneyti.is/log-og-reglugerdir/>, 07.01.2011.

23. Vefsíða – samstarf:

[http://fas.is/index.php?option=com\\_content&task=view&id=254&Itemid=77](http://fas.is/index.php?option=com_content&task=view&id=254&Itemid=77),  
07.01.2010.

24. Lög um breytingar á lögum nr. 92/2008, um framhaldsskóla:

<http://www.menntamalaraduneyti.is/log-og-reglugerdir/>, 08.01.2010.

25. Vefsíða – námsframboð:

[http://fas.is/index.php?option=com\\_content&task=view&id=3&Itemid=4](http://fas.is/index.php?option=com_content&task=view&id=3&Itemid=4), 08.01.2011.

26. Vefsíða – inntökuskilyrði:

[http://www.fas.is/index.php?option=com\\_content&task=view&id=662&Itemid=177](http://www.fas.is/index.php?option=com_content&task=view&id=662&Itemid=177),  
08.01.2011.

27. Vefsíða – námskipan:

[http://fas.is/index.php?option=com\\_content&task=view&id=84&Itemid=50](http://fas.is/index.php?option=com_content&task=view&id=84&Itemid=50),  
08.01.2010.

28. Vefsíða – vísindadagar: <http://www.fas.is/visindadagar/>, 08.01.2011.

29. Vefsíða – reglur skólans:

[http://fas.is/index.php?option=com\\_content&task=view&id=86&Itemid=50](http://fas.is/index.php?option=com_content&task=view&id=86&Itemid=50),  
08.01.2011.

30. Vefpóstur frá Eyjólfí Guðmundssyni til Jóns Bergssonar, 10.01.2011, 09:48

31. Vefsíða – áfangalýsingar:

[http://www.fas.is/index.php?option=com\\_content&task=section&id=2&Itemid=38](http://www.fas.is/index.php?option=com_content&task=section&id=2&Itemid=38),  
11.01.2011.

32. Vefsíða – kennsluáætlanir:  
[http://www.fas.is/index.php?option=com\\_content&task=view&id=556&Itemid=191](http://www.fas.is/index.php?option=com_content&task=view&id=556&Itemid=191),  
11.02.2011.
33. Vefsíða – fjallamenskunám:  
[http://fas.is/index.php?option=com\\_content&task=view&id=706&Itemid=187](http://fas.is/index.php?option=com_content&task=view&id=706&Itemid=187),  
05.01.2011.
34. Vefsíða – sjálfsmat:  
[http://fas.is/index.php?option=com\\_content&task=view&id=365&Itemid=106](http://fas.is/index.php?option=com_content&task=view&id=365&Itemid=106),  
12.01.2011.
35. Vefpóstur frá Eyjólfí Guðmundssyni til Jóns Bergssonar, 10.01.2011, 09:45.
36. Vefpóstur frá Eyjólfí Guðmundssyni til Jóns Bergssonar, 10.01.2011, 09:46.
37. Vefsíða – áhættumat: <http://www.fas.is/images/stories//ahaettumat-fas.pdf>,  
12.01.2011.
38. Reglugerð um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum (920/2006):  
<http://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=f7407678-b43f-4236-bb2c-b79efe441840>, 12.01.2011.
39. Vinnueftirlitið – vinnuumhverfisvísar:  
<http://www.vinnueftirlit.is/vinnueftirlit/is/utgafa/vinnuumhverfisvisar/>, 12.01.2011.
40. Vefsíða – viðbragðsáætlun almannavarna, FAS:  
<http://www.fas.is/images/stories/vidbragdsaaetlun-fas.pdf>, 12.01.2011.
41. Vefpóstur frá Eyjólfí Guðmundssyni til Jóns Bergssonar, 12.01.2011, 10:31.
42. Sjálfsmat, verk- og framkvæmdaáætlun, haustönn 2010 – vorönn 2014:  
<http://fas.is/images/stories/sjalfsmat/matsskyrsla10.pdf>, 12.01.2011.
43. Aðalnámskrá framhaldsskóla 2004: <http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/Mmal.pdf>,  
12.01.2011.
44. Könnun meðal skólameistara og rektora á innleiðingu og framkvæmd laga um framhaldsskóla, HÍ febrúar 2010:  
[http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/Skyrsla\\_framhaldsskolar\\_loka\\_25.02.10.pdf](http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/Skyrsla_framhaldsskolar_loka_25.02.10.pdf),  
13.01.2010.
45. Úttekt á sjálfsmatsaðferðum framhaldsskóla, 2007:  
[http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/uttekt\\_a\\_sjalfsmatsadferdum\\_frnsk\\_%202007.pdf](http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/uttekt_a_sjalfsmatsadferdum_frnsk_%202007.pdf),  
13.01.2010.
46. Úttekt á sjálfsmatsaðferðum framhaldsskóla, 2008:  
[http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/uttekt\\_sjalfsmat\\_frnsk\\_vor\\_2008.pdf](http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/uttekt_sjalfsmat_frnsk_vor_2008.pdf), 13.01.2011.



## Hitt og Þetta ehf.

47. Sjálfsmat skóla, menntamálaráðuneytið 1997:

[http://bella.stjr.is/utgafur/sjalfsmat\\_skola.pdf](http://bella.stjr.is/utgafur/sjalfsmat_skola.pdf), 13.01.2011.

48. Vefpóstur frá Eyjólfí Guðmundssyni til Jóns Bergssonar, 14.01.2011,11:14

49. Vefpóstur frá Eyjólfí Guðmundssyni til Jóns Bergssonar, 21.01.2011,09:43